

Einar Hannesson

Veiðimál á Vesturlandi

Hér fer á eftir lauslegt yfirlit um veiðimál í Vesturlandskjördæmi. Er þessari úttekt hagað á svipaðan hátt og gert var með grein um veiðimál á Vestfjörðum eftir höfund þessa yfirlits, er birtist í Veiðimanninum, og þar áður um veiðimálin á Norðurlandi vestra.

Vesturlandskjördæmi nær yfir víðáttumikið landssvæði og fjölbreytt, er liggur milli Hvalfjarðarbotns og Gilsfjarðarbotns og inn til landsins og út til strandar. Inn til landsins um jökla og heiðar; Arnarvatnsheiði og Laxárdalsheiði.

Sé litið á landabréf í litum, sést hve flötur græna litarins er tiltölulega stór hluti af svæðinu í samanburði við aðra landshluta, ef sandar eru dregnir frá. Þetta sýnir annarsvegar að stór landssvæði liggja undir 200 metra hæðarlínunni og mikið gróðurlendi er á svæðinu. Náttúrufegurð er víða mikil, sem alkunna er, enda í kjördæminu sumir fegurstu staðir á landinu.

Gæðum bróðurlega skipt.

Auk vatnsfallanna setja hinir ágætu stöðuvatnsklasur sinn sterka svip á landið, svo sem í Svínadal, á Arnarvatnsheiði, í Staðarsveit og í Dölum. Vesturlandskjördæmi býr því vel að ám og vötnum og margar ána koma úr stöðuvötnum, en það hefur mikið gildi fyrir þær sem veiðiár. Skemmtilegt er að komast að raun um það við athugun á staðsetningu straum- og stöðuvatna, hvað bróðurlega betri bergvatnsán-um hefur verið skipt milli hinna fjögurra sýslna kjördæmisins. Hið sama gildir um

stærri stöðuvötnin.

40 vatnsföll og 170 stöðuvötn.

Í Vesturlandskjördæmi eru rúmlega 40 lax- og göngusilungsár og 170 stöðuvötn, stór og smá. eru þá ótalin vötn og tjarnir, sem ekki ná 300 metra breidd. Flatarmál þessara 170 stöðuvatna er líklega samtals um 100 km² eða 10 þúsund hektarar. Ellefu stærstu vötnin eru samtals 57.2 km² að flatarmáli, en stærð hinna 159 líklega alls um 45–50 km². Af þessum síðarnefndu vötnum er tæplega helmingur meira en 1000 metrar á lengdina eða breiddina.

Besta laxveiðisvæði landsins.

Laxveiði í Vesturlandskjördæmi er ákaflega góð 1), enda er það besta kjördæmið að þessu leyti. Nemur veiði s.l. 10 ár að meðaltali 40% af allri veiði á laxi í landinu. Um 70% veiðinnar í kjördæminu fæst á stengur en hitt í net, eða lax, sem gekk í Lárósstöðina. Um silungsveiðina er minna hægt að segja vegna þess að skýrslusöfnun um þá veiði hefur víða verið áfátt, enda nýting hennar oft tilviljunarkennd, þegar á heildina er litið. Þó er vitað um töluverða göngusilungsveiði á vatnasvæði Hvítár.

Vatnasviðið.

Vatnasvið straumvatna í kjördæminu er rúmlega 9 þúsund km², en vatnasvið vatnsfalls er það svæði, sem vatn rennur af til vatnsfallsins 2). Vatnasvið kjördæmisins er tæplega 10 af hundraði vatnasviðs alls landsins. Mesta vatnsfallið á þessu svæði er

Hvítá, en vatnasvið hennar er 3550 km². Er hún sjötta í röð þeirra vatnakerfa, sem mest vatnasvið hafa hér á landi, þar af er jökull 365 km² eða rúmlega 10% af vatnasviði Hvítár.

Gróskumikið tré.

Líkja má vatnakerfi Hvítár við tré, stofninn er Hvítá sjálf með gjöfula veiði bæði í net og á stöng, sem breiðir sínar sjö blómlegu greinar til allra átta. Þar er Norðurá, ein besta og skemmtilegasta veiðiá landsins. Önnur er Þverá sömuleiðis ein besta veiðiá landsins og sú lengsta hérlendis þar sem sumir veiðimenn fara til veiða á hestum! Í Þverá gengur laxinn hæst hér á landi yfir sjó eða upp á Tvidæggru, sem er í 400 metra hæð yfir sjávarmáli. Hin þriðja er Grímsá og Tunguá, einnig í hópi betri laxveiðiáa í landinu, en í Grímsá hefur stangarveiði verið stunduð samfelt einna lengst hér á landi eða í rúmlega öld. Það voru Engendingar, sem hófu þar veiði með stöng um 1860, og leigðu hluta af ánni í marga áratugi og þannig var ástatt um fleiri ár í Borgarfirði. Það er þess vegna ekkert nýlegt fyrirbæri að erlendir veiðimenn taki á leigu veiði hér á landi, þó að algengast sé nú að þeir kaupi aðeins nokkra daga í senn af leigutökum ána.

Fleiri góðar laxveiðiár.

Auk fyrrgreindra vatnsfalla í hópi betri laxveiðiáanna í landinu, eru á Vesturlandi fleiri slíkar ár; Langá á Mýrum, Laxá í Leirársveit, Laxá í Dölum, Haukadalsá, Haffjarðará, Straumfjarðará, Hítará, Gljúfurá, Flókadalsá, Kjallaksstaðaá (Flekkudalsá), Fáskrúð, Andakílsá, Reykjadalssá, Botnsá, Fróðá, Álftá, Miðá, Hvalsá- og Staðarhólsá, Staðará, Vatns-holtsá, Krossá, Dunká (Bakká), Hörðudalsá, Gríshólsá- og Bakkaá, Laxá í

Hvammssveit, Glerá, Setbergsá, Stóra-Langadalsá, Hvammsá, Skrauma, Svínafossá, Búðardalsá og Fagradalsá.

Stöðuvötnin.

Af stöðuvötnum ber fyrst að telja Skorradalsvatn, sem er þeirra stærst á svæðinu, 14,7 km² að flatarmáli. Skorradalsvatn er níunda stærsta stöðuvatn landsins. Þá koma næst í röð eftir stærð; Reyðarvatn, Hítarvatn, Langavatn í Langavatnsdal, Hlíðarvatn í Hnappadal, Úlfsvatn á Arn-arvatnsheiði og Hvalvatn, en öll eru þessi vötn yfir 3.4 km² að flatarmáli. Og að síðustu skulu nefnd þessi vötn; Hólmavatn í Hvítársíðu, Oddastaðavatn og Hraunsfjarðarvatn á Snæfellsnesi og Haukadalsvatn í Dölum, sem eru öll stærri en 2.4 km² að flatarmáli.

Lón og ósasvæði.

Þá er ekkert úr vegi að minna á lón og ósasvæði, er liggja við sjó, sem eru mörg á svæðinu. Þar kunna að felast verulegir möguleikar til aukningar arðsemi af fiski í framtíðinni. Þessi aðstaða er aðallega á Snæfellsnesi og hefur, svo sem alkunna er, verið unnið merkilegt brautryðjendastarf með fiskhaldsstöðinni, sem reist var við Lárós. Hefur Lárósstöðin vakið verðskuldaða athygli, en til þessa hafa rúmlega 10 þúsund laxar gengið úr sjó inn í stöðina.

Veiðimannahús.

Í Vesturlandskjördæmi eru mörg góð veiðihús, en sum þeirra eru komin til ára sinna. Auknar kröfur eru nú gerðar í seinni tíð til veiðihúsa við vatnasvæði, sem leigð eru til stangarveiði. Sú aðstaða þarf að vera sem best. Geta má um myndarleg veiðimannahús á svæðinu, svo sem við Grímsá og Tunguá, en þar er stærsta veiðihús landsins, við Norðurá og Laxá í Dölum,

auk margra annarra góðra veiðihúsa við helstu laxveiðiárin í kjördæminu.

Fiskræktin.

Unnið hefur verið um langt árabil að fiskrækt á Vesturlandi, enda hófst félagsleg starfsemi á sviði veiðimála þar jafnskjótt og löggjöf kom um þetta efni. Þá hófst sérstakt veiðieftirlit fyrst hér á landi í Borgarfirði árið 1934 og hefur það verið allt frá þeim tíma til þessa dags. Fyrsta veiðifélagið á svæðinu var stofnað árið 1934 við Laxá í Leirársveit og tveimur árum síðar kom til sögunnar veiðifélag um Laxá í Dölum og sama ár mynduðu eigendur við Reykjadalssá sín samtök. Fiskræktarfélag Hvítár var stofnað 1937, en félagið tók til Hvítár og þveráa hennar. Fiskiræktarfélagið stóð fyrir klakstarfsemi lengi að Hvassafelli í Norðurárdal. Síðar leysti Veiðifélag Borgarfjarðar fiskræktarfélagið af hólmi.

Margir fiskvegir.

Beitt hefur verið öllum þekktum fiskræktaraðferðum, svo sem sleppingu seiða af ýmsum stærðum, fiskvegagerð, lagfæringu árfarvega, vatnsmiðlun og veiðieftirliti, eins og áður var vikið að. Að fiskvegagerð

hefur verið unnið víða og má í því efni minnst á fossa þar sem fiskvegur (laxastigi) hefur verið gerður, eða unnið er að fiskvegagerð: Eyrarfoss í Laxá í Leirársveit, Laxfoss í Norðurá, Skuggafoss og Sveðjufoss í Langá, Foss í Álftá, Kattar foss í Hitará, foss í Fróðá, Gullfoss í Laxá í Hvammsveit, Gullbrárfoss í Flekkudalsá, tveir fossar í Búðardalsá, foss í Fagradalsá, Dalfoss í Straumfjarðará og foss í Svínafossá á Skógarströnd auk ýmissa lagfæringa í ýmsum ám til að bæta gönguskilyrði fyrir fiskinn. Þá hafa vatnsmiðlunarstíflur verið byggðar í útrennsli bæði Langavatns og Hítarvatns. Til nánari fróðleiks má geta þess, að stíflan í útrennsli Langavatns kemur einnig Gljúfurá til góða, en hún er kvísl úr Langá, er greinist úr henni um það bil 4 km vegalengd frá vatninu, en Gljúfurá fellur í Norðurá, er síðar sameinast Hvítá, sem kunnugt er. Er þetta einkennileg tilhögun náttúrunnar.

Heimildir:

1. Veiðimálastofnunin: Veiðivatnaskráin o.fl.
2. Orkustofnun: Vatnasvið Íslands, Skrá um mæld stöðuvötn

Laxveiði á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði 1946 - 1977

Fjöldi laxa:	1946	1947	1948	1949	1950	1951	1952	1953
Netjaveiði	2480	5567	5145	3032	2865	4359	4051	3505
%	64	75	64	60	65	65	56	67
Stangaveiði	1369	1827	2850	2055	1522	2326	3215	1701
%	36	25	36	40	35	35	44	33
Samtals	3849	7394	7995	5087	4387	6685	7266	5206

Fjöldi laxa:	1954	1955	1956	1957	1958	1959	1960	1961
Netjaveiði	2930	4322	3411	6083	3431	3699	4741	4223
%	63	60	60	67	54	57	56	49
Stangaveiði	1698	2905	2272	2941	2873	2841	3776	4342
%	37	40	40	33	46	43	44	51
Samtals	4628	7227	5683	9024	6314	6540	8517	8565

Fjöldi laxa:	1962	1963	1964	1965	1966	1967	1968	1969
Netjaveiði	4295	5441	5440	6657	3834	4955	5209	4310
%	54	55	53	68	53	52	52	50
Stangaveiði	3733	4419	4820	3086	3400	4661	4829	4258
%	46	45	47	32	47	48	48	50
Samtals	8028	9860	10260	9743	7234	9616	10038	8568

Fjöldi laxa:	1970	1971	1972	1973	1974	1975	1976	1977
Netjaveiði	5385	6784	6772	5784	6218	8188	6258	6341
%	46	44	44	41	52	49	48	50
Stangaveiði	6282	8594	8656	8319	5818	8679	6905	6214
%	54	56	56	59	48	51	52	50
Samtals	11667	15378	15428	14103	12036	16867	13163	12558

Laxveiði á Ölfusár-Hvítársvæðinu sumarið 1977

Fjöldi laxa	Netaveiði	Stangav.	Alls	1976	1975
Ölfusá	7.415	542	7.957	6.588	7.151
Hvítá	3.609	599	4.208	4.453	4.779
Stóra-Laxá		266	266	293	340
Brúará		49	49	57	84
Sogið		517	517	589	593
Samtals	11.024	1.973	12.997	11.980	12.947

Laxveiðin samtals: 1971 - 9.559 laxar 1975 - 12.947 laxar
1972 - 11.857 laxar 1976 - 11.980 laxar
1973 - 13.190 laxar 1977 - 12.997 laxar
1974 - 11.361 laxar